

STJÓRNARTÍÐINDI A 8 – 1998

8. apríl 1998

89

Nr. 18

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Davíð Oddsson forsætisráðherra er á förum til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Friðrik Sophusson fjármálaráðherra störfum forsætisráðherra.

Forsætisráðuneytinu, 8. apríl 1998.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

16. apríl 1998

Nr. 19

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á fjárlögum fyrir árið 1998.

Forseti Íslands hefur hinn 16. apríl 1998 að tillögu fjármálaráðherra staðfest leiðrétt frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1998 eins og það var samþykkt á stjórnskipulegan hátt á Alþingi hinn 20. desember 1997. Leiðréttingarnar varða eftirtalin gjöld samkvæmt sundurliðun 2 í lögum nr. 150/1997 og hljóða svo:

00 205 Framkvæmdir á Alþingisreit

Stofnkostnaður:

6.50 Nýbygging..... 20,0

07 999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:

1.32 Félag einstæðra foreldra, styrkur til endurbóta á húsnæði..... 5,0

Fjármálaráðuneytinu, 16. apríl 1998.

Friðrik Sophusson.

Magnús Pétursson.